

151. löggjafarþing 2020–2021.
Þingskjal 484 — 302. mál.
Síðari umræða.

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu
EES-nefndarinnar nr. 168/2020 um breytingu á XX. viðauka
(Umhverfismál) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Bergþór Magnússon frá utanríkisráðuneyti og Jónas Birgi Jónasson frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/631 frá 17. apríl 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir nýjar fólksbifreiðar og ný, létt atvinnuökutæki og um niðurfellingu reglugerða (EB) nr. 443/2009 og (ESB) nr. 510/2011.

Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 7. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 2. desember 2020.

Sigríður Á. Andersen,
form.

Bryndís Haraldsdóttir,
frsm.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir.

Ari Trausti Guðmundsson.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Njáll Trausti Friðbertsson.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir.

Silja Dögg Gunnarsdóttir.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir.